

Nd.

439. Frumvarp til laga

[230. mál]

uni breyting á hjúkrunarlögum nr. 8 frá 13. mars 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Fyrsta grein laganna orðist svo:

Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfraeðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra.

Þeim sem þess óska fremur skal heimilt að nota starfsheitin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður.

2. gr.

Greinar laganna nr. 2—7, breytast þannig, að þar sem orðin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður koma fyrir skal nú standa hjúkrunarfraeðingur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A thugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Pegar frumvarp að hjúkrunarlögum nr. 8/1974 var lagt fyrir Alþingi á ofanverðu sl. ári, var á það drepið í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, að tillögur hefðu komið fram um nýtt samheiti fyrir þá, sem lokið hafa námi í hjúkrunarfraeðum.

Vonast var eftir því, að Hjúkrunarfélag Íslands hefði tekið ákveðna afstöðu til þessa máls áður en meðferð frumvarpsins fyrir Alþingi væri lokið. Sú varð þó ekki raunin.

Nú hefur ráðuneytinu hins vegar borist tillaga Hjúkrunarfélags Íslands þess efnis, að tekið verði upp starfsheitið hjúkrunarfraeðingur og að það verði lögverndað.

Jafnframt leggur Hjúkrunarfélag Íslands til, að starfsheitin hjúkrunarkona og hjúkrunarmaður skuli njóta sömu lögverndar og áður. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt.